



Sæl öll.

Ég heiti Kjartan Antonsson og hef ég tekið þá ákvörðun að bjóða mig fram til aðalstjórnar í félaginu okkar HRFI og til vara í varastjórn.

Ég hef verið félagi HRFI óslitið frá árinu 1999.

Mér fannst á þeim tíma bara eðlilegt að vera skráður í félagið þar sem ég átti hreinræktaðan hund. Þar fyrir utan hafði ég ekki mikla skoðun á því sem fram fór innan félagsins. Ég mætti á sýningar og veiðipróf án þess að hugsa eitthvað meira um starf félagsins. Tók því bara sem sjálfsgöðum hlut að geta mætt á þessa viðburði sem hentuðu mér. Fljótlega áttaði ég mig þó á því að það var langt í frá sjálfsagt.

Síðan þá hef ég átt 8. Vorsteh hunda og einn Enskan Setter, þar af 4. innflutta. Einn af þeim náði þeim góða árangri árið 2005 að verða í 2.sæti yfir stigahæstu hunda HRFI það árið. Hann varð einnig fyrsti karlhundurinn í grúppu 7. til þess að ná þeim áfanga að verða þrefaldur meistari.

Í dag eigum við hjónin 4. hunda, Vorsteh tíkina Haugtun's Hfe Siw sem við fluttum inn frá Noregi og einnig eigum við Vorsteh hundinn Rugdelias OKE Tiur sem við fluttum inn í fyrra haust. Svo eigum við líka Ensk Setter tíkina Húsavíkur Fönn og kornunga Vorsteh tík sem heitir Zeldu BST Nikita. Nikita er hvolfpur úr okkar eigin ræktun og er hún að detta í 3.mánaða aldur.

En eftir því sem árin liðu fór ég ósjálfrátt að setja mig meira og meira inn í starfsemi félagsins. Smá saman fór ég að mynda mér sjálfstæðar skoðanir, bæði um það sem vel er gert og það sem betur mætti gera í félaginu okkar.

Ég hef á hliðarlínunni unnið eða komið að mörgum málum undanfarin ár sem tengjast félaginu.

Ég var meðal annars einn af stofnendum tveggja deilda innan félagsins. Vorstehdeildar árið 2008 og var í framvarðarsveit við stofnun deildar Enska Setans sem var stofnuð árið 2016.

Ég sat í stjórn Vorstehdeildar í einhver ár og gengdi þar meðal annars formennsku.

Báðar þessar deildir eru með öflugt og blómlegt starf í dag þar sem hlúð er vel að ræktunarmarkmiðum tegundanna þar sem allir geta verið með.

Þó ég hafi eingöngu átt hunda sem tilheyra grúppu 7. er ég ekki að bjóða mig fram í stjórn sérstaklega til að beita mér fyrir þær tegundir. Ég býð mig fram fyrir alla félagsmenn þar sem ég tel að víða sé hægt að bæta starf félagsins fyrir hundana okkar og ekki síst eigendur þeirra. HRFI er til fyrir okkur og vegna okkar.

Það er oft erfiðara að tala um eigin kosti en galla. En ég hef heyrt að ég sé réttlátur og reyni að horfa á málin ofanfrá óháð því hvað aðrir segja um mína skoðun og er ég ekki frá því að það sé rétt. Ég er með mjög sterka réttlætiskennnd og á rosalega erfitt með að gera ekki neitt þegar ég eða aðrir eru beittir óréttlæti. Stundum hef ég þurft að líða fyrir skoðanir mínar en yfirleitt fengið uppreist æru þegar öldurnar lægja, tíminn líður og málin skýrast.

Hverju ætla ég að beita mér fyrir náí ég kjöri?

Mér finnst hálf klisjulegt að vera með einhver loforð fyrir kosningar. Við heyrum öll flaum af loforðum hingað og þangað í tilefni sveitastjórnakosninganna um þessar mundir en þegar upp er staðið verða þau flest öll svikin.

En ég mun beita mér fyrir því að félagið verði opið og gagnsætt ná ég kjöri í stjórn. Mín skoðun er til dæmis sú að stjórn geri grein fyrir skoðunum sínum varðandi þau málefni sem inn á borð til hennar berast. Við sjáum bara í fundargerðum að stjórn hafni, samþykki eða setji mál á bið. Við sjáum ekki skoðanir stjórnarmeðlima hvers fyrir sig á málunum.

Mín skoðun er einnig sú að tölvupóstar/bréf sem berast stjórn eigi einnig að koma fram í fundargerðum félagsins ásamt svörum stjórnar. Við eigum ekki að þurfa að giska á hverju stjórn er að svara hverju sinni því við fáum ekki að sjá það sem verið er að svara. Auðvitað geta verið á því einhverjar undantekningar séu málin viðkvæm eða persónuleg.

Við myndum okkur öll skoðun á stjórnnum þegar við vitum fyrir hvað viðkomandi stjórnarmanneskja stendur fyrir. Það mun verða hægt náí ég kjöri í stjórn HRFI þar sem sjónarmið og skoðanir stjórnarmanna munu verða opinber.

Mér leiðist að blanda til dæmis alþingiskosningum inn í mitt framboð en til að taka dæmi þá myndu fæst okkar kjósa flokka ef við vissum ekki fyrir hverju þeir ætla að standa. Svo kjósum við næst með tilliti af því hvort þeir hafi staðið við sitt eða ekki. Þetta er nú bara dæmi til að útskýra hvað ég á við þegar ég segi að skoðanir stjórnarmeðlima eiga að vera öllum ljósar.

Ég mun einnig beita mér fyrir því að vinavæðing stjórnarmanna við einstaka félagsmenn verði ekki liðin í félaginu. Ég geri mér grein fyrir því að hér er ég komin út á þunnan og hálan ís en mér er tamt að tala ekki í kringum hlutina. Átta mig á því að langflest ykkar vita ekki hvað ég á við en þeir sem fylgjast með vita upp á hár hvað ég er að meina.

Þeir sem vinna trúnarstörf fyrir félagið skulu halda sínum persónulegu skoðunum á félagsmönnum og eða hundum þeirra fyrir sjálfa/n sig. Skiptir þá ekki máli hvort átt er við fuglahunda/sýningar eða aðra dómara og aðra þá sem koma að trúnaðarstörfum fyrir félagið.

Einnig mun ég beita mér fyrir eðlilegum samskiptum stjórnar og einstakra stjórnarmanna HRFI við deildir félagsins. Deildir félagsins og tengiliðir tegunda eru burðarstólpar félagsins okkar og að þeim þarf að hlúa. Því miður eru til ótal mörg dæmi um óeðlilega afskiptasemi ákveðinna stjórnarmanna við sumar af deildum félagsins sem á undir engum kringumstæðum að eiga sér stað.

Stjórnarmeðlimir eða formaður félagsins eiga ekki undir neinum kringumstæðum að nota sér heimasíðu eða facebook síðu félagsins til persónulegra nota. Formaður félagsins eða aðrir stjórnarmeðlimir eiga ekki að nota miðlana til að þagga niður í félagsmönnum og skoðunum þeirra eins og nýlegt dæmi sannar. Tjáningar og skoðanafrelsi er bundið í stjórnaskrá landsins og er það varið með kjafti og klóm ef ég má orða það þannig. Það skýtur því skökku við þegar að jafnvel lögfræðingar reyna að hafa áhrif á skoðanir og tjáningafrelsi félagsmanna.

Ég mun beita mér fyrir því að stjórn félagsins sýni öllum félagsmönnum virðingu og að við séum öll í félaginu á jafnréttis grundvelli, við eigum jú öll að vera í sama liðinu.

Að lokum langar mig að biðja um atkvæði þitt kæri félagsmaður/kona og um leið gefa mér tækifæri til að vinna fyrir þig að bættu félagi. Ætlir þú ekki að mæta á fundinn minni ég á utankjörfund félagsins sem lesa má um á heimasíðu félagsins.

Að lokum vil ég segja að nái ég kjöri í stjórn mun ég opna facebook síðu um mína stjórnarsetu og þar mun ég setja inn mínar fundargerðir frá stjórnarfundum félagsins. Þar verður engu bætt við né dregið frá. Mig mun ekki kvíða fyrir að leggja mín störf í dóm hjá félagsmönnum þegar þar að kæmi nái ég kjöri.

Kær kveðja

Kjartan Antosson